

**652. fundur haldinn þriðjudaginn 9. desember 2003 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélga
Dagur Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs.

1. Fundargerð 651. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt..

2. Kynning á framkvæmd samstarfs í kynningarmálum 2004

Ferðamálastjóri og forstöðumaður markaðssviðs kynntu það fyrirkomulag sem nú verður á ráðstöfum fjár til markaðsmála. Auglýst hefur verið eftir samstarfsaðilum og er umsóknarfrestur til 26. janúar. Þá verða í byrjun janúar haldnir kynningarfundir um málið og loks hafa verið unnin sérstök umsóknareyðublöð, sem voru kynnt ráðsmönnum.

3. Samningur við Ferðamálasetur Íslands

Ferðamálastjóri lagði fram drög að samningi við Ferðamálasetur Íslands um framkvæmd rannsókna fyrir Ferðamálaráð á næstu mánuðum..

Afgreiðsla: Drögin samþykkt

4. Opnun skrifstofu í Kaupmannahöfn

Samþykkt var að opna skrifstofuna 15. janúar að viðstöddum fulltrúum í Ferðamálaráði og að óska eftir að samgönguráðherra væri viðstaddur.

5. Önnur mál

Gunnar Sigurðsson vakti máls á því að 1. júlí nk. yrði breyting á afgreiðslu skipa í höfnum, sem myndi leiða til verulega aukins kostanaðar og hugsanlega tafa við afgreiðslu t.d. skemmtiferðaskipa. Ákveðið var að óska eftir því að fá Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti á fund ráðsins til að skýra málið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:30, en að honum loknum var ráðsmönnum boðið til jólahádegisverðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 13:05.